

Fundargerð

Stjórnafundur Skólaskrifstofu Austurlands var haldinn föstudaginn 02. september 2011 kl. 09:00 á bæjarskrifstofu Fljótsdalshéraðs á Egilsstöðum.

Mættir voru: Björn Ingimarsson, Gauti Jóhannesson, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Páll Baldursson, Páll Björgvin Guðmundsson og Þorsteinn Steinsson. Einnig sat fundinn Sigurbjörn Marinósson, forstöðumaður.

Dagskrá:

1. Kosning:
 - a) Formaður stjórnar SKA
 - b) Stjórnarmaður í framkvæmdastjórn
2. Málefni fatlaðs fólks
3. Ársreikningur 2010
4. Undirbúningur aðalfundar
5. Önnur mál

Sigurbjörn stjórnaði fundi og bauð fundarmenn velkomna.

Í upphafi fundar voru þau tilmæli borin upp að liður eitt yrði færður aftar á dagskrá fundarins til að þeir stjórnarmenn sem ekki voru mættir gætu tekið þátt ef þeir kæmu. Þessi tilmæli voru samþykkt samhljóða.

2. Málefni fatlaðs fólks. Rætt um málaflokkinn almennt, hvernig til hefur tekist og mikilvægi þess að kortleggja þjónustuna sem nú er og þörfina í náinni framtíð. *Stjórnin beinir því til þjónustuhóps SKA að vinna að þessari greiningu og skila til stjórnar.*

Einnig var ákveðið að Skólaskrifstofan vinni áætlun vegna 25 prósentustigs hluta útsvarstekna sem sveitarfélögin eiga að skila til byggðarsamlagsins vegna málaflokksins skv. samningi. Áætlun þessi verði endurskoðuð tvisvar eða þrisvar á ári eða eftir þörfum. Þessi hlutur verði síðan innheimtur með sambærilegum hætti og önnur framlög til Skólaskrifstofunnar.

Stjórnin beinir því til framkvæmdastjórnar að vinna að verklagsreglum vegna jöfnunar og ófyrirséðs kostnaðar, sbr. grein 8.5 í samningi um sameiginlegt þjónustusvæði Austurlands um þjónustu við fatlað fólk. Verklagsreglurnar verði síðan lagðar fyrir stjórn.

3. Ársreikningur SKA 2010. Ársreikningur fyrir árið 2010 lagður fram og kynntur. Rekstrarniðurstaðan er neikvæð uppá 0,7 millj.kr. en áætlun gerði ráð fyrir neikvæðri niðurstöðu uppá 5,8 millj. kr. Nokkrar umræður urðu um ársreikninginn, hann undirritaður og vísað til aðalfundar.

4. Undirbúningur aðalfundar. Ákveðið var að framkvæmda stjórn geri tillögu um dagsetningu aðalfundar en samningur um Skólaskrifstofuna gerir ráð fyrir að aðalfundur verði haldinn fyrir miðjan október. Jafnframt vinni framkvæmdastjórn tillögu að fjárhagsáætlun með forstöðumanni og leggi fyrir stjórnarfund.

5. Önnur mál:

Sigurbjörn greindi frá samningi við Höldur ehf um tvær rekstrarleigu bifreiðar fyrir skrifstofuna frá sept. – út maí 2012.

Þá vakti Sigurbjörn máls á málum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga:

- Um Skólavogina
- Um ytra mat á grunnskóla
- Um sameiginlega framtíðarsýn fyrir grunnskólastarfið 2007-2020.

Nokkur umræða varð um skólamál m.a. hvað væri verið að gera í einstökum sveitarfélögunum, tengsl skólastiga o.fl.

1. Kosning.

a) Borin var upp tillaga um Gunnþórunni Ingólfsdóttur sem formann stjórnar. Var tillagan samþykkt einróma. Gunnþórunn tekur jafnframt sæti í framkvæmdastjórn skv. samþykktum.

b) Sjá lið 1a).

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 10:55.

Sigurbjörn Marinósson, ritaði fundargerð.